

Samningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis við Æskulýðsvettvanginn um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Æskulýðsvettvangurinn, kt. 670412- 0830 gera með sér svofelldan samning.

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Gefa Æskulýðsvettvanginum kost á að skipuleggja fjölbreytt félags- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni. Starf Æskulýðsvettvangsins skal taka mið af gildi starfsins sem félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarvettvangur barna og ungmenna. Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur sjálfboðaliðasamtaka sem leggja sérstaka áherslu á virka þátttöku ungs fólks í samfélaginu.

1.2. Starfsemi

- Æskulýðsvettvangurinn og aðildarfélag hafi aðgerðaráætlun ef upp koma mál er tengjast kynferðislegu ofbeldi eða einelti.
- Æskulýðsvettvangurinn vinni gegn hatursorðræðu á netinu og eða í starfinu. Vinni með verkefnið *Verndum þau* í samstarfi við höfunda bókarinnar, að verkefninu *Þátttaka er lífsstíll* er miðar að því að auka þátttöku ungmenna í félags- og tómstundarstarfi.
- Æskulýðsvettvangurinn vinni með KOMPÁS og Litla - kompás m.a. með námskeiðum fyrir þjálfara og kynningu á handbókunum.
- Æskulýðsvettvangurinn hafi námskeið og fræðsluverkefni öllum opin þar sem því verður við komið.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

- 2.1. Framlag ráðuneytisins til samnings þessa á árinu 2016 er 6 m.kr.
- 2.2. Æskulýðsvettvangurinn starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt var 18. október 2012 á stofnfundi félagsins.
- 2.3. Æskulýðsvettvangurinn starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

3. Ábyrgð

- 3.1. Æskulýðsvettvangurinn ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Æskulýðsvettvangurinn skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Æskulýðsvettvangurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.

3.3. Æskulýðsvettvanginum er óheimilt að:

3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.

3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

4.1. Ráðuneytið greiðir framlag í tólf jöfnum hlutum fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka samtaka innan vébanda Æskulýðsvettvangsins sem fara með formennsku hverju sinni. Skal framlagi til Æskulýðsvettvangsins haldið aðgreindu í bókhaldi samtakanna og lagt inn á sérreikning sem tilheyrir Æskulýðsvettvanginum.

4.2. Æskulýðsvettvangurinn skilar ráðuneytinu:

4.2.1. Áætlun um rekstur og efnahag ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að fyrir lok mars.

4.2.2. Endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum fyrir lok júní og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.

4.3. Eigi Æskulýðsvettvangurinn í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð greið fyrir þeim í ársreikningi.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.

5.2. Fulltrúar ráðuneytis og Æskulýðsvettvangurinn funda að lágmarki árlega um samninginn.

5.3. Fyrir lok nóvember skilar Æskulýðsvettvangurinn ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi meðal annars hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.

5.4. Æskulýðsvettvangurinn skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.

5.5. Æskulýðsvettvangurinn veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.

5.6. Samning þennan, ársreikning Æskulýðsvettvangurinn greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Æskulýðsvettvangurinn jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

6.1. Æskulýðsvettvangurinn tilkynnir ráðuneytinu tafarlaus ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem það hyggst grípa til.

6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Æskulýðsvettvangurinn ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.


6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.


6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2016.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir að gildistími samningsins lýkur skal hann koma því á framfæri fyrir lok október það ár sem samningurinn rennur út.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík, 18. mars 2016


Karitas H. Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri


Hermann Sigurðsson, formaður
Æskulýðsvettvangsins